

Sp.

173. Tillaga til þingsályktunar

[122. mál]

um endurskoðun laga nr. 63 frá 12. maí 1970, um skipan opinberra framkvæmda.

Flm.: Helgi F. Seljan, Stefán Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða rækilega nógildandi lög um skipan opinberra framkvæmda. Sérstakt samráð skal haft við Samband íslenskra sveitarfélaga um endurskoðun þessa. Ríkisstjórnin skal síðan á næsta Alþingi leggja fram lagafrumvarp um þetta efni í samræmi við þær niðurstöður, sem endurskoðunin leiðir í ljós.

Greinargerð.

Lög um skipan opinberra framkvæmda hafa mjög verið til umræðu á síðustu mánuðum og fram hefur komið sterk og í mörgu réttmæt gagnrýni á lög þessi og framkvæmd þeirra.

Eftir fjögurra ára framkvæmd þessara laga hlýtur að vera fyllilega tímabært að endurskoða lög in í ljósi þeirrar reynslu, sem fengist hefur, og þá um leið með tilliti til þess, hve gagnrýni hefur verið hörd frá ýmsum aðilum á ýmsa þætti í framkvæmd löggjafarinnar. Ekki skal hér neitt fullyrt um það, að hve miklu leyti gagnrýnin á við rök að styðjast. Við eðlilega endurskoðun ættu að koma í ljós þeir vankantar, sem á lögnum kunna að vera, og þá agnúa bæri þá að sníða af.

Þessi löggjöf var rökstudd með því fyrst og fremst, að með henni yrði betur tryggður allur undirbúningur framkvæmda og fjármagnsáætlanir allar gerðar raunhæfari og þannig tryggt, að verk stöðvuðust ekki af ýmsum ástæðum eða í þau væri ráðist án þess að tryggilega væri frá öllum verkþáttum gengið.

Þau hafa sennilega haft nokkurt gildi í því skyni að tryggja farsælan og öruggan framgang ýmissa verka, en þau mega ekki heldur verka á neinn hátt sem hemill á uppbyggingu sjálfsagðra framkvæmda, eins og gagnrýnin hefur beinst að.

Endurskoðunin í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga ætti hér úr að skera, hvort eðlilegum tilgangi hefur verið náð eða ekki, eða þá að hve miklu leyti framkvæmdin kann að hafa reynst í upphaflegum anda laganna.

Í kjölfar endurskoðunarinnar hlýti að sjálfsögðu að fylgja endurbætt lagasetning, ef í ljós kæmi, að hennar væri þörf, svo sem við flm. teljum raunar auðsætt að sé í ýmsu tilliti.